



Þessi grein er rúmlega 11 mánaða gömul.

Virkilega sorglegt að horfa upp á fólk í þessum aðstæðum

„Þegar fólk kom og bað mig um að stoppa spilamennsku hjá fjölskyldumeðlimi eða vini var fátt sem ég gat gert. Þetta er lögleg starfsemi og það er ekki hægt að hindra fullorðin fólk í því sem það vill gera.“ Þetta segir fyrrverandi starfsmaður á spíla-kassastað. Framkvæmdastjóri Íslandsspíla segir að allir starfsmenn fái fræðslu um spíla-fíkn og spíla-vanda.

Fréttir

Spíla-fíkn á Íslandi

7. mars 2020 11:05



Spíla-kassar „Þegar fólk kom og bað mig um að stoppa spilamennsku hjá fjölskyldumeðlim eða vini, var lítið sem ég gat gert. Þetta er lögleg starfsemi og það er ekki hægt að hindra fullorðin fólk í því sem það vill gera, enda hafði ég að sjálfsgöðu enga heimild til þess“ segir fyrrverandi starfsmaður í spíla-sal.

MYND: HEIÐA HELGADÓTTIR



Anna Lilja Pórisdóttir

annalilja@stundin.is

DEILA



Fyrirverandi starfsmaður á spílakassastað segir að dæmi hafi verið um að fólk hafi spílað þar fyrir mörg hundruð þúsund krónur á dag, sumir voru á staðnum frá morgni til kvölds, spíluðu í kössunum allan tímann og stóðu varla upp til að fara á klósett. Nokkuð hafi verið um að fólk hafi komið á staðinn og beðið hann um að hindra að fjölskyldumeðlimur þess eða vinur héldi áfram í spílakössunum.

Tvö fyrirtæki reka spílakassa hér á landi samkvæmt lögum um söfnunarkassa. Annað þeirra er Íslandsspil, sem er í eigu SÁÁ, Rauða kross Íslands og Landsbjargar, hitt er Happpdrætti Háskóla Íslands, HHÍ. Þessir tveir aðilar reka saman vefsíðuna Ábyrg spilun þar sem meðal annars eru veittar upplýsingar um áhættuþætti spílafíknar og einkenni hennar.

„Þegar fólk kom og bað mig um að stoppa spílamennsku hjá fjölskyldumeðlimi eða vini, var fátt sem ég gat gert. Þetta er lögleg starfsemi og það er ekki hægt að hindra fullorðin fólk í því sem það vill gera, enda hafði ég að sjálfsgöðu enga heimild til þess,“ segir starfsmaðurinn, sem ekki vill koma fram undir nafni.

„Ég man sérstaklega eftir dóttur útlends karlmanns sem kom og bað mig um að grípa inn í hjá pabba sínum. Hún sagði að hann eyddi meira eða minna öllum laununum sínum hjá okkur. Það var líklega rétt, en það var lítið sem ég gat gert.“

„Það var ekki óalgengt að fólk tæki út mörg hundruð þúsund krónur á einum degi. Ég man eftir manni sem tók út 600.000 á einum degi“



Spílakassar Fyrirverandi starfsmaður á spílakassastað segir að auðvelt sé að eyða nokkur hundruð þúsund krónum á dag á slíkum stað.

MYND: SHUTTERSTOCK

Starfsmaðurinn fyrirverandi segir að engar reglur hafi verið á staðnum um hversu háar upphæðir var hægt að taka út með kreditkort í gegnum þess spílaáæðing. En þeir sem sóttu staðinn hafi notað sín þann möguleika talævent til að nota fjáð síðan í spílakassana. Hæðir

gergnum þosa spílastaðum, en þeir sem sattu staðnum hafi notað sei þann möguleika talsvert til að nota íeu sívan í spílakassana. Öppruðu

hafi eingöngu takmarkast af því hversu mikið lausafé var í kassanum hverju sinni og það hafi verið ákvörðun þess starfsmanns sem var á vakt. „Það var ekki óalgengt að fólk tæki út mörg hundruð þúsund krónur á einum degi. Ég man til dæmis eftir manni sem tók út 600.000 krónur á einum degi.“

Standa við spílakassana í 14 tíma

Að sögn starfsmannsins fyrrverandi er auðvelt að eyða nokkur hundruð þúsund krónum á dag í spílakössunum. Hver leikur kosti 300 krónur, hann standi í örfáar sekúndur og margir spili í fleiri en einum kassa á sama tíma. „Það er ekki óalgengt og margir eru á staðnum frá klukkan tíu um morguninn til miðnættis, í 14 tíma. Sumir í þessum hópi fara varla á klósettið eða næra sig. Þeir eru fastir við kassana og þora ekki að fara frá þeim, þeir eru hræddir um að einhver annar fari í þá. Það er vegna þess að margir, sem spíla mikið, eru vissir um að þeir vinni stóra vinninginn ef þeir eru nógu lengi í sama spílakassanum. Það lá stundum við slagsmálum þegar einhver ætlaði í kassa, sem einhver annar taldi sig eiga einkarétt á, og ég var stundum beðinn um að passa kassana á meðan fólk hljóp á klósettið.“

„Sumir í þessum hópi fara varla á klósettið eða næra sig. Þeir eru fastir við kassana og þora ekki að fara frá þeim“

Er eitthvað sem einkennir þennan hóp? „Nei, ég myndi segja að þetta væri nánast öll flóran, bæði Íslendingar og útlendingar og talsvert af fólki á eftirlaunaaldri. Á staðnum sem ég vann á kom til dæmis talsvert af erlendum verkamönnum. Þeir komu beint úr vinnunni, í vinnugöllumum, og spíluðu þangað til staðnum var lokað.“

Maður verður smá ónæmur fyrir þessu

Finnst þér að það hefði átt að grípa inn í að einhverju leyti, að það hefðu verið einhverjar reglur? „Já, mér finnst að það ættu að vera einhver takmörk á því hvað fólk getur eytt miklum peningum í spílakassa. Það var svo augljóst að sumir í þessum hópi höfðu enga stjórn á því sem þeir voru að gera.“ Fékkstu einhvers konar fræðslu þegar þú byrjaðir að vinna þarna, til dæmis um spílafíkn? „Nei, ekkert slíkt. Og þetta var lítið til umræðu.“ Hvernig fannst þér að horfa upp á fólk í þessum aðstæðum? „Virðilega sorglegt. En maður verður smá ónæmur fyrir þessu, því miður.“

Starfsmenn fara á námskeið um spílafíkn

Magnús Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri Íslandsspíla, segir að fyrirtækið haldi námskeið fyrir rekstraraðila spílakassanna. „Þar er meðal annars rætt um grunnatriði spílafíknar og hvað orsakar hana og Daníel Ólason, prófessor í sálfræði við HÍ, sem hefur rannsakað spílafíkn, heldur þar fyrirlestur um spílavanda.“

Magnús segir að upptaka af námskeiðinu sé send út á landsbyggðina og á aðra staði þar sem starfsfólk hafi ekki átt þess kost að sækja námskeiðið. „Við reynum eins og við getum að koma þessu á framfæri við starfsfólkið, en það er mjög mikil starfsmannavelta á þessum stöðum. Það er erfitt að halda utan um það, en eigendur staðanna eiga þá að fylgja þessu eftir.“

„Við reynum eins og við getum að koma þessu á framfæri við starfsfólkið“

Spurður hvort rætt hafi verið á þessum námskeiðum um að starfsmenn grípi inn í á einhvern hátt, ef fólk situr við spílakassa klukkustundum saman, segir hann svo vera. „Já, það hefur verið rætt um hvenær eigi að grípa inn í. Það hlýtur að fara eftir aðstæðum, það þarf að veða og meta. En fræðsla sem þessi þarf stöðugt að vera í vinnslu og við erum að huga að nýju fræðsluefni, hugsanlega í samráði við SÁÁ.“

SJÁ EINNIG



Spílin taka allt

DEILA

Like 55

Share

Tweet

stundin.is/FC1b

EFNISORD

Fjárhættuspil

Happdrætti Háskóla Íslands

Háskóli Íslands

Ísland

Íslandsspil

Landsbjörg

Rauði Krossinn

SÁÁ

Spílafíkn á Íslandi